

276. KIRKJURÁÐSFUNDUR

ÞRIÐJUDAGUR 10. APRÍL 2018 KL 9:30

haldinn á Biskupsstofu, Reykjavík

FUNDARGERÐ

- 1) Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
- 2) Kirkjuþing
 - a) Kirkjuþing 2017, framhaldsfundur hinn 10. mars 2018. Mál sem ganga til kirkjuráðs
 - b) Kirkjuþing 2018.
- 3) Fjármál
 - a) Húsaleigumál að Laugavegi 31, framhald frá síðasta fundi.
 - b) Kyrrðarbænasamtökin, erindi til Kristnisjóðs.
 - c) Félag heyrnarlausra, erindi varðandi styrkveitingu.
- 4) Fasteignir
 - a) Valþjófsstaður, Landsnet, Kröflulína 3, tilboð um bætur vegna línulagnar.
 - b) Fjarðarskel ehf. Forkaupsréttur Kirkjumálasjóðs.
 - c) Saurbær, yfirmatsgerð vegna tjóns af völdum hitaveitulagnar.
 - d) Hörgársveit, Glæsibær, aðalskipulag, skipulagslýsing.
 - e) Langanesbyggð, Skeggjastaðir, ljósleiðaralagning.
 - f) Veiðifélag Árnesinga, erindi formanns Tungufljótsdeildar.
 - g) Holt í Önundarfirði, málefni prestseturs.
 - h) Laufás í Eyjafirði, erindi fráfarandi sóknarprests.
 - i) Hraungerði, erindi formanns sóknarnefndar.
 - j) Stafholt, deiliskipulag.
 - k) Breiðabólstaður, Sámsstaðir, erindi Þórunnar Sigurðardóttur.
- 5) Málefni Skálholts
 - a) Bókun fundar stjórnar Skálholts.
 - b) Byggingabréf til handa Skálholtsbónda.
- 6) Uppstillingarnefnd þjóðkirkjunnar.
- 7) Leitandi.is
- 8) Önnur mál.

1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Fundurinn hófst kl. 9:30. Agnes M. Sigurðardóttur biskup Íslands stýrði fundi. Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir séra Elínborg Gísladóttir, Svana Helen Björnsdóttir, Stefán Magnússon og séra Gísli Jónasson í forföllum séra Gísla Gunnarssonar,

Jafnframt sátu fundinn Oddur Einarsson framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Þorvaldur Víðisson biskupsritari og Guðrún Finnbjarnardóttir ritari kirkjuráðs sem ritaði fundargerð.

2. KIRKJUÞING

- a) *Kirkjuþing 2017, framhaldsfundur hinn 10. mars 2018. Mál sem ganga til kirkjuráðs.*
Aðeins eitt mál gekk til kirkjuráðs frá framhaldsfundi kirkjuþings sem kallaði á aðgerðir af hálfu ráðsins, en það var 21. mál, Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum. Málið var samþykkt með þingskjali 58. Skrifstofa kirkjuráðs sendi samþykktina til birtingar í Stjórnartíðindum eftir að hún hafði verið árituð af forseta kirkjuþings.
- b) *Kirkjuþing 2018*
Kirkjuráð ályktar að kirkjuþing 2018 skuli halda í Vídalínskirkju og hefjast laugardaginn 3. nóvember.
-

3. FJÁRMÁL

- a) *Húsaleigumál að Laugavegi 31, framhald frá síðasta fundi.*
Lögð fram drög að húsaleigusamningi. Kirkjuráð felur framkvæmdastjóra að ganga frá samningnum.
- b) *Kyrrðarbænasamtökin, erindi til Kristnisjóðs.*
Kirkjuráð bendir umsækjanda á að fjárhagsáætlanir sjóða þjóðkirkjunnar eru afgreiddar í desember fyrir komandi ár. Umsóknarfrestur er til 15. júní.
- c) *Félag heyrnarlausra, erindi varðandi styrkveitingu.*
Kirkjuráð bendir umsækjanda á að fjárhagsáætlanir sjóða þjóðkirkjunnar eru afgreiddar í desember fyrir komandi ár. Umsóknarfrestur er til 15. júní.
-

4. FASTEGNIR

- a) *Valþjófsstaður, Landsnet, Kröflulína 3, tilboð um bætur vegna línulagnar.*
Kirkjuráð samþykkir tilboðið. Kirkjuráði er ljóst að komi til þess að tilboð í flokki II verði hækkað, munu allir landeigendur njóta þeirrar hækkunar.

- b) *Fjarðarskel ehf. Forkaupsréttur Kirkjumálasjóðs.*
Kirkjuráð samþykkir að falla frá forkaupsrétti sínum enda meti fasteignasvið að slíkt gangi ekki gegn hagsmunum Kirkjumálasjóðs.
- c) *Saurbær, yfirmatsgerð vegna tjóns af völdum hitaveitulagnar.*
Kirkjuráð samþykkir yfirmatsgerðina og felur lögmonnum sínum að ganga til samninga um málið á grundvelli hennar.
- d) *Hörgársveit, Glæsibær, aðalskipulag, skipulagslýsing.*
Kirkjuráð gerir ekki athugasemd við skipulagslýsinguna og tekur undir álit Kirkjugarðaráðs um hana dags. 4. apríl 2018. Kirkjuráð bendir á að eðlilegt sé að leita álits sóknarnefndar og kirkjugarðsstjórnar.
- e) *Langanesbyggð, Skeggjastaðir, ljósleiðaralagning.*
Kirkjuráð hefur móttengið erindi Langanesbyggðar. Kirkjuráð fellst á erindið og veitir heimild til að Langanesbyggð leggi ljósleiðara um land kirkjumálasjóðs að Skeggjastöðum. Kirkjuráð samþykkir jafnframt að óska eftir að fá ljósleiðarann tengdan við fasteign sjóðsins að Skeggjastöðum sbr. erindið.
- f) *Veiðifélag Árnesinga, erindi formanns Tungufljótsdeildar.*
Kirkjuráð samþykkir að fela Drífu Kristjánsdóttur formanni Tungufljótsdeildar Veiðifélags Árnesinga umboð til að fara með atkvæði Kirkjumálasjóðs í veiðifélaginu vegna jarðanna Mosfells og Skálholts á aðalfundi veiðifélagsins 2018.
- g) *Holt í Önundarfirði, málefni prestseturs.*
Kirkjuráð hefur kynnt sér erindið. Kirkjuráð samþykkir að fela kirkjustarfs- /fasteignahópi að leggja mat á það.
- h) *Laufás í Eyjafirði, erindi fráfarandi sóknarprests.*
Kirkjuráð hefur kynnt sér erindið. Kirkjuráð bendir á að fráfarandi er ábúandi jarðarinnar og sem slíkur greiðir hann leigu. Varðandi nýtingu útihúsa samþykkir Kirkjuráð erindið enda gangi það ekki gegn hagsmunum kirkjumálasjóðs.
- i) *Hraungerði, erindi formanns sóknarnefndar.*
Kirkjuráð hefur kynnt sér erindið og felur framkvæmdastjóra að svara því.
- j) *Stafholt, deiliskipulag.*
Kirkjuráð hefur kynnt sér erindið. Kirkjuráð samþykkir að fela kirkjustarfs- /fasteignahópi að leggja mat á það.
- k) *Breiðabólstaður, Sámsstaðir, erindi Þórunnar Sigurðardóttur.*
Kirkjuráð hefur kynnt sér erindið og felur framkvæmdastjóra að svara því.

5. MÁLEFNI SKÁLHOLTS

a) *Bókun 44. fundar stjórnar Skálholts varðandi uppbyggingu í Skálholti.*

Bókunin lögð fram. Tillaga kom fram um að rætt verði við ráðgjafa um framhald málsins og aðkomu ráðgjafarfyrtækis að málinu. Tillagan samþykkt.

b) *Byggingabréf til handa Skálholtsbónda.*

Byggingabréfið lagt fram.

6. UPPSTILLINGARNEFND ÞJÓÐKIRKJUNNAR

Kirkjuráð staðfestir skipan nefndarinnar sbr. kjör kirkjuþings 2017 til hennar. Kirkjuráð hefur mótttekið fundargerð nefndarinnar dags. 31. mars 2018 og fundargerð dags. 8. apríl 2018 þar sem tilnefndir eru frambjóðendur til kirkjuþings.

7. LEITANDI.IS

Lögð fram gögn um áfallinn kostnað við verkefnið og þjónustusamningur við Skjáskot ehf.

8. ÖNNUR MÁL

Lögð fram tilkynning um ákvörðun kjörstjórnar þjóðkirkjunnar þar sem tilgreindar eru dagsetningar vegna seinni umferðar í kosningu vígslubiskups í Skálholti. Kirkjuráð gerir ekki athugasemdir við ákvörðun kjörstjórnarinnar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:47.

Næsti fundur er áætlaður 8. maí 2018.

Agnes. M. Sigurðardóttir
biskup Íslands

Oddur Einarsson,
framkvæmdastjóri kirkjuráðs

Séra Elínborg Gísladóttir

Séra Gísli Jónasson

Svana Helen Björnsdóttir

Stefán Magnússon